



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Sauðárkróki 6. desember 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um dreifingu starfa. Þingskjal 492, 453. mál.

Byggingdastofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um dreifingu starfa. Meginefni þingsályktunarinnar er að: „Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að skipa starfshóp sem falið verði að gera tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum til söfnunar og vinnslu upplýsinga um landfræðilega dreifingu starfa og skilgreiningu hlutverks og ábyrgðar þeirra aðila sem málið varðar.“

Tekið er undir nauðsyn þess að fyrir liggi upplýsingar um landfræðilega dreifingu starfa. Jafnframt er tekið undir það sem kemur fram í greinargerðinni um hagnýtt gildi slíkra upplýsinga, m.a. varðandi stefnumótun og rannsóknir. Með tímanum yrðu til gagnaraðir sem gæfu góða mynd af þróun atvinnulífs eftir landsvæðum. Það er sérstaklega mikilvægt að sjá hvaða áhrif tæknibreytingar, sjálfvirknivæðing og aðrir þættir hafa á einstakar atvinnugreinar og einstakar byggðir.

Í gildandi byggðaáætlun, aðgerð B.5. *Greining atvinnusóknar*, á að greina ferðaleiðir vegna vinnusóknar, þ.e. ferða milli heimila og vinnustaða. Forsenda þess að hægt verði að koma slíkri greiningu við er að fyrir liggi starfsstöð launþega þannig að hægt sé að para hana saman við lögheimili viðkomandi. Slík greining er illmöguleg í dag.

Byggingdastofnun hefur safnað gögnum um fjölda opinberra starfa eftir staðsetningu og unnið greiningar á atvinnutekjum eftir svæðum til að nálgast stærð og mikilvægi einstakra atvinnugreina á mismunandi svæðum, sem finna má í [mælaborði stofnunarinnar](#).

Tekið er undir að gögn um landfræðilega dreifingu starfa væru stofnuninni mikilvæg, eins og fram kemur í lokaorðum greinargerðarinnar, og myndi nýtast henni í verkefnum sem m.a. snúa að skilgreiningu vinnusóknarsvæða, byggðaáætlun, greiningum á byggðalögum, mati á þörf á stuðningsaðgerðum, gagnasöfnun, rannsóknum og fleiru.

Virðingarfyllt
f.h. Byggingdastofnunar

Arnar Már Elíasson
forstjóri